



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Málsnr.: R13020094
Skjalasafn Ráðhúss
18. feb. 2016
Bréfalykill: 1232

R13020094
13. febrúar 2016

Umsögn

Efni: Beiðni Söngskólans í Reykjavík um styrk til greiðslu fasteignagjalda
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Vísað er til tölvupósts frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn fjármálaskrifstofu um erindi Söngskólans í Reykjavík um styrk til greiðslu fasteignagjalda.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 segir að sveitarstjórnnum sé heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um veitingu styrkja á grundvelli ákvæðisins.

Þann 9. september 2004 samþykkti borgarráð að ekki skuli veittir styrkir til niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatta. Á fundi sínum 3. júní 2010 áréttaði borgarráð fyrri samþykkt um málið og samþykkti breytingar á 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar. Í 3. gr. er nú tekið fram að hvorki séu veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts. Hefur Reykjavíkurborg því tekið ákvörðun að nýta ekki þá heimild sem felst í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995.

Með vísan til þessa er ekki unnt að verða við erindi Söngskólans í Reykjavík.

Bent er á að styrkjareglur Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [http://reykjavik.is/sites/default/files/Reglur Reykjav kurborgar um styrki me breytingum 3.6. 1 0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/Reglur%20Reykjavikurborgar%20um%20styrki%20me%20breytingum%203.6.10.pdf)

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



Til Borgarráðs Reykjavíkurborgar
og borgarstjóra Dags B. Eggertssonar

Erindi: Skuldir Söngskólans í Reykjavík vegna fasteignagjalda

Frá: Skólastjóra og formanns stjórnar Söngskólans í Reykjavík, Garðari Cortes

Erindi Söngskólans, er í stuttu máli, að vekja athygli borgarstjóra og borgarráðs, á ófremdarástandi sem skólinn býr við, allar götur frá því borgin setti fasteignagjaldafjötra á skólann, fjöta sem skólinn ræður ekki við.

Fram til ársins 2005, voru tónlistarskólar undanþegnir fasteignagjöldum. Frá 2006 hafa þeir hins vegar verið gjaldskildir. Árin 2006, 2007 og 2008 styrkti Reykjavíkurborg Söngskólann sem nam 70% gjalda, en frá 2009 hefur skólinn þurft að greiða svimandi há fasteignagjöld. Skólinn er engan vegin aflögufær, og er það ekki síst vegna þess að undanfarin fimm ár, hefur vantað milljónir, upp á að styrkir frá borg og ríki, í gegn um Jöfnunarsjóð, standi undir beinum kennslukostnaði og hafa því skólagjöld nemenda farið í að greiða kennslukostnað, en þau eiga að standa undir öðrum rekstrarkostnaði skólans.

Undanfarin ár hefur skólinn neyðst til að taka bankalán til að geta staðið straum af greiðslu fasteignagjalda árána 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014 - lán sem nema nú samtals 16.5millj. króna og eru að sliga fjárhag skólans.

Söngskólinn skuldar nú fasteignagjöld:

2014: 2.793.060 auk dráttarvaxta og kostnaðar kr. 3.050.273
Staða nú: Sent til birt. í Lögbirtingablaði 28. jan. 2016
Beiðni v.nauðungarsölu, tekin fyrir hjá sýslumanni 10. mars 2016

2015: 2.913.780 auk dráttarvaxta og kostnaðar kr. 3.149.906
Staða nú: Greiðist fyrir 25. jan. 2016, skv. tilkynningu frá Gjaldheimtunni, krafan annars send sýslumanni, með beiðni um nauðungarsölu.

Skólinn hefur greitt þau gjöld sem innheimt eru af Orkuveitunni:
Lóðarleigu, fráveitugjald, vatnsgjald.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 "er sveitarstjórnnum heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum, þar sem fram fer starfsemi, **sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-** íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúrarstarfsemi."

Í ljósi þessa ákvæðis, sem berlega á við um skólahúsnæði Söngskólans í Reykjavík, Snorrabraut 54, fer ég undirritaður fram á, að Söngskólanum í Reykjavík verði veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatta.

Virðingarfyllst,
Reykjavík, 28. janúar 2016


Garðar Cortes.